

Sveitarfélagið Vogar
Iðndal 2
190 VOGAR

Garðabær, 23. maí 2023
Málsnúmer: 202304-0010
SS

Efni: Umsögn um tillögu að deiliskipulagi fyrir Breiðagerði í Sveitarfélaginu Vogum.

Vísað er í tölvubréf frá umhverfis- og skipulagssviði Sveitarfélagsins Voga, dags. 11. apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð í Breiðagerði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Um er að ræða skilgreiningu á byggingarreitum og byggingarákvæðum fyrir lóðir undir frístundahús. Flest húsin eru til staðar á svæðinu nú þegar og mörg verið þar lengi, en sumar lóðir eru enn óbyggðar. Jákvætt er að verið sé að skilgreina skilmála fyrir svæðið í deiliskipulagi í fyrsta sinn.

Deiliskipulagsreiturinn er staðsettur innan marka verndarsvæðis á gildandi náttúruminjasrá (C-hluta), „110. Tjarnir á Vatnsleysuströnd“ eins og fram kemur í greinargerðinni. Þótt lífríkar tjarnir séu ekki innan marka deiliskipulagsreitsins, ná mörk verndarsvæðisins einnig yfir lífrík fjörusvæði sem sannarlega eru í næsta nágrenni við Breiðagerði.

Huga þarf að áhrifum frekari uppbyggingar frístundabyggðar á lífríki fjörunnar, sérstaklega á lóðum næst fjörumörkum og tryggja að t.d. fráveitu sé háttað þannig að mengun berist ekki í fjöru.

Eins og fram kemur í greinargerð er frístundabyggðin á Þráinsskjaldarhrauni sem er forsögulegt hraun. Þó hraunið sé hálfgróið ætti að forðast að raska sýnilegum hraunmyndunum eins og hægt er og aðlaga byggingarheimildir þannig að þær falli vel inn í umhverfið. Uppræta ætti alaskalúpinu á svæðinu en hún er að dreifa sér inn í hraun og mólendi.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

